SVÆÐISFÉLAGIÐ KLETTUR

Félag smábátaeigenda frá Ólafsfirði að Tjörnesi

Aðalfundarboð

Ágæti félagi!

Stjórn Svæðisfélagsins Kletts boðar hér með til aðalfundar félagsins sunnudaginn 29. september næstkomandi. Fundurinn verður haldinn á veitingahúsinu Strikinu Skipagötu 14 á Akureyri kl 14.00.

Arthur Bogason og Örn Pálsson
mæta á fundinn.

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins

1. **Formaður setur fundinn og stjórnar kosningu fundarstjóra.**
2. **Fundarstjóri gefur yfirlýsingu um lögmæti fundar sbr. 13.grein.**
3. **Fundarstjóri stjórnar kosningu fundarritara.**
4. **Stjórn félagsins skýrir starfsemi félagsins sl. ár.**
5. **Gjaldkeri les upp, skýrir og leggur fram til úrskurðar endurskoðaða reikninga félagsins.**
6. **Kosin stjórn og varastjórn sbr. 8. gr.**
7. **Kosinn skoðunarmaður og einn til vara til eins árs í senn.**
8. **Kosnir fulltrúar á aðalfund Landssambands smábátaeigenda.**
9. **Tillögur um lagabreytingar sem löglega eru bornar fyrir sbr. 18.gr.**
10. **Önnur mál.**

a) Fundargerð síðasta aðalfundar.
b) Fundargerð síðasta félagsfundar.
c) Erindi, gestir.
d) Grásleppumálefni, staða, sölumál, veiðitími 2014.
e) Ályktanir, umræður og afgreiðsla. (sjá meðfylgjandi drög)
f) Almennar umræður.

Kvöldverður á Strikinu að loknum fundi.

Árskógssandi 20.09.2013
Fyrir hönd stjórnar Svæðisfélagsins Kletts,

Pétur Sigurðsson

formaður

SVÆÐISFÉLAGIÐ KLETTUR

Félag smábátaeigenda frá Ólafsfirði að Tjörnesi.

Ágæti félagi!

Nú er hinn hefðbundni annatími félagsstarfanna að fara í hönd og mun ég hér á eftir gera stuttlega grein fyrir því helsta sem framundan er.

Aðalfundur Kletts 29. september 2013

Helstu málefni fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf, umræður um mál fundarins (sjá dagskrá) ásamt ályktunum til aðalfundar LS og almennum umræðum.

Stjórnarkjör

Á aðalfundi fer fram kosning í stjórn og varastjórn ásamt kosningu fulltrúa á aðalfund LS. Undirritaður hefur setið í stjórn Kletts frá árinu 2002 allan tímann sem formaður eða 11 ár, það finnst mér vera orðinn allgóður tími og hef því ákveðið að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi stjórnarsetu, einnig hefur Ólafur Sigurðsson tilkynnt að hann gefi ekki kost á sér í aðalstjórn. Uppstillinganefnd til kosninga í stjórn og embætti félagsins verður starfandi og skilar tillögum sínum á aðalfundi. Þeir félagar sem hafa áhuga á störfum nefndarinnar eða gefa kost á sér til embætta innan félagsins geta sett sig í samband við formann nefndarinnar Þröst Jóhannsson í Hrísey, hægt er að ná í Þröst í síma heima 466-3017, gsm 862-3817 einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið tjorn@simnet.is hvort sem menn vilja koma tillögum á framfæri eða hafa áhuga á að hitta nefndina.

Kjörbréf

Í samræmi við lög félagsins sem samþykkt voru á aðalfundi félagsins 26. september 2004 skulu allir útgerðaraðilar fá send kjörbréf sem gilda á aðalfundi félagsins ár hvert. Dreifibréf þetta er ígildi kjörbréfs, kjörbréfið gildir fyrir alla þá báta sem hver útgerðarmaður gerir út. Ef útgerðarmaður gerir út fleiri en einn bát á hann rétt á einum fulltrúa fyrir hvern bát sem hann gerir út, hver fulltrúi hefur eitt atkvæði.

Aðalfundur Landssambands smábátaeigenda 17. – 18. október 2013

Aðalfundur LS verður haldinn dagana 17. – 18. október næstkomandi. Klettur á rétt á 4 aðalfundarfulltrúum ásamt fulltrúa félagsins í stjórn LS eða samtals 5 fulltrúum. Allir smábátaeigendur hafa síðan rétt til setu á fundinum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Við viljum hvetja sem flesta smábátaeigendur til að mæta á aðalfundinn og nota tækifærið og koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þeir félagar sem hug hafa á að mæta á aðalfundinn eru beðnir að skrá sig tímanlega á skrifstofu LS hjá Oddbjörgu ls@smabatar.is

Að lokum

Að lokum viljum við hvetja alla smábátaeigendur á svæðinu til þess að mæta á aðalfund félagsins og taka með því þátt í því að móta þá stefnu sem unnið verður eftir á næsta ári, taka afstöðu og hafa áhrif á tillögur til aðalfundar LS. Hér að neðan eru svo símar og netfang sem hægt er að nota til að komast í samband við undirritaðan.

Gsm: 896-0152, vinna: 466-1098, heima: 466-1954, netfang petur@solrun.is og fax (466-1299)

Árskógssandi 20.09.2013
Fyrir hönd stjórnar Svæðisfélagsins Kletts,

Pétur Sigurðsson

formaður